

Framkvæmda- og veitusvið

Nefndarsvið Alþingis
c/o Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 17.02.2003


Varðar Frumvarp til laga um vatnsveitur

Undirritaður hefur yfirfarið frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum. Gerð er eftirfarandi athugasemd og tillaga til úrbóta:

Í upphafi laganna er sett fram sú kvöð á sveitarfélög að þau starfræki vatnsveitur í kaupstöðum og bæjum og því er eðlilegt að draga þá ályktun að lögin nái aðeins til vatnsveitna í þéttbýli. Nú er það svo að mörg sveitarfélög samanstanda af bæði þéttri og dreifðri byggð og reka jafnvel vatnsveitukerfi í hvoru tveggja. Það gæti því valdið misskilningi að í 4. grein, síðustu málsgrein er þess getið að gjaldtaka megi að hámarki nema meðalkostnaði við lagningu heimæða í **sveitarfélaginu** (leturbreyting mín). Til gera skýran greinarmun á dreifbýlisveitu og þéttbýlisveitu er lögð til eftirfarandi breyting á síðustu málsgrein 4. gr.:

Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá sbr. 11 gr. og samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Í þéttbýli skal gjaldið miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í viðkomandi byggð. Í dreifbýli skal gjaldið miðað við gerð, stærð og lengd viðkomandi heimæðar og kostnað þann sem fylgir lagningu heimæðarinnar.

F.h. Vatnsveitu Árborgar
Virðingarfyllst,



Asbjörn Ó. Blöndal
framkvæmdastjóri

Afrit sent bæjarstjóra og Samorku; einnig sent í pósti til nefndarsviðs alþingis